



Landssamtökin

**Proskahjálpar**

*Mannréttindi fyrir alla!*

## **Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 98. mál.**

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfærandi við velferðarnefnd og Alþingi varðandi hana.

Örorkulífeyrisþegar eru mjög oft ekki með réttindi hjá stéttarfélögum og hafa yfirleitt miklu minni aðgang að orlofshúsum en landsmenn almennt og þar með minni og færri tækifæri til þeirrar tilbreytingar, afþreyingar, félags og fjölskyldulífs sem þau veita.

Aðgangur að orlofshúsum er óumdeilanlega mikilvægur þáttur í því sem telst vera eðlilegt líf hér á landi. Tækifæri til eðlilegs lífs til jafns við aðra er meginmarkmið í réttindabaráttu fatlaðs fólks og grunvallarþáttur í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Landssamtökin Proskahjálpar lýsa því eindregnum stuðningi við þingsályktunartillöguna og hvetja velferðarnefnd eindregið að beita sér fyrir því að hún verði samþykkt.

Landssamtökin Proskahjálpar óska jafnframt eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum sínum varðandi þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Landssamtakanna Proskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Proskahjálpar